

STEFNA

Félagsdómur
Dómhúsinu við Lækjartorg
Reykjavík

gjörir kunnugt: Dóminum hafa tjáð Samtök atvinnulífsins, kt. 680699-2919, Borgartúni 35, Reykjavík, að þau þurfi að höfða mál fyrir Félagsdómi á hendur Alþýðusambandi Íslands, kt. 420169-6209, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, f.h. Starfsgreinasambands Íslands, kt. 601000-3340, Guðrúnartúni 1, Reykjavík, vegna Eflingar - stéttarfélags, kt. 701298-2259, Guðrúnartúni 1, Reykjavík.

Dómkröfur: Stefnandi gerir svofelldar kröfur:

Að viðurkennt verði með dómi að verkfall það sem Efling - stéttarfélag boðaði með bréfi dags. 1. mars 2019 og taka á til allra þrifa, hreingerninga og frágangs herbergja og annarrar gistiaðstöðu þ.m.t. á göngum, salernum og í sameiginlegu rými, á öllum hótelum og gistihúsum á félagssvæði Eflingar og koma á til framkvæmda 8. mars 2019 kl. 10:00, sé ólögmeitt.

Að Efling – stéttarfélag verði dæmt til greiðslu sektar í ríkissjóð.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Málflutningsumboð: Ragnar Árnason, lögmaður, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málavextir:

Stefnandi kveður málavexti vera þá að kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins og stefnda, Eflingar – stéttarfélags, féllu úr gildi 31. desember 2018. Á fundi hjá ríkissáttasemjara 21. febrúar 2019 lýsti stefndi því yfir að félagið teldi viðræður um endurnýjun kjarasamnings hafa reynst árangurslausar og því félaginu lögum samkvæmt heimilt að hefja undirbúning verkfallsaðgerða.

Á fundi samninganefndar stefnda 21. febrúar 2019 var samþykkt að láta fara fram „almenna leynilega rafræna allsherjarkvæðagreiðslu um boðun vinnustöðvunar meðal þeirra félagsmanna Eflingar sem vinna skv. kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Eflingar – stéttarfélags og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi sem rann út þann 31. desember 2018,“ eins og það var kynnt á heimasíðu stefnda. Í samþykkt samninganefndar stefnda var svo afmörkun verkfallsaðgerða tilgreind:

„Vinnustöðvunin ef samþykkt verður, mun taka til allra þrifa, hreingerninga og frágangs herbergja og annarrar gistiðstöðu þ.m.t. á göngum, salernum og í sameiginlegu rými, á öllum hótélum og gistihúsum á því félagssvæði Eflingar sem tekur til starfa á veitinga- og gistihúsum sem er lögsagnar umdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfus auk Hafnarfjarðar og Garðabæjar.“

Af hálfu stefnda var gerð sú tillaga að vinnustöðvun ofangreindra félagsmanna yrði tímabundin, myndi hefjast klukkan 10:00 að morgni 8. mars 2019 og lyki klukkan 23:59 þann 8. mars 2019 nema kjarasamningar hafu tekist fyrir þann tíma.

Atkvæðagreiðslan hófst kl. 10:00 að morgni mánudagsins 25. febrúar 2019 og lauk kl. 22:00, fimmtudaginn 28. febrúar 2019.

Með tölvupósti stefnanda til formanns og framkvæmdastjóra stefnda 24. febrúar var fyrirkomulagi atkvæðagreiðslunnar mótmælt og stefnda bent á að hún væri í andstöðu við fyrirmæli 15. gr. laga nr. 80/1038. Einungis þeim sem verkfall væri ætlað að taka til væri heimilt að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Skorað var á stefnda að fylgja ákvæðum laga um framkvæmd atkvæðagreiðslu um vinnustöðvanir.

Afstaða stefnanda á ekki að koma stefnda á óvart enda gerði stefnandi einnig athugasemd árið 2015 vegna atkvæðagreiðslu stefnda um vinnustöðvun. Sá ágreiningur fór ekki fyrir Félagsdóm því fyrirhuguðum aðgerðum var frestað og komu ekki til framkvæmda.

Stefndi svaraði erindi stefnanda með tölvupósti 25. febrúar 2019. Þar kom fram að atkvæðagreiðsla stefnda byggði ekki á 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938. Ekki var fallist á kröfu stefnanda að stöðva atkvæðagreiðsluna.

Af ummælum forsvarsmanna og lögmannna stefnda má ráða að ákveðið hafi verið að beita reglum 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 um atkvæðagreiðsluna í stað 2. mgr. 15. gr. sömu laga.

Í viðtali Morgunblaðsins við Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóra stefnda, sem birtist 23. febrúar, útskýrði hann nánar samþykkt samninganefndar stefnda. Hann sagði alla félagsmenn á kjörskrá sem vinni samkvæmt samningi stefnda um störf í hótél- og veitingageiranum: „Í svona almennri atkvæðagreiðslu er ekki þátttökupröskuldur. En þó að allur þessi hópur sé á kjörskrá tekur þessi verkfallsboðun eingöngu til smærri hóps, fólks sem starfar við þrif og hreingerningar á hótélum og gistiheimilum.“

Einnig kom fram í viðtalinu að ekki lægi fyrir endanlega hversu margir væru á kjörskrá en hann kvaðst telja að þeir væru hátt í tíu þúsund, sennilega sjö til átta þúsund.

Atkvæðagreiðsla stefnda um verkfall hófst á mánudagsmorgni 25. febrúar og fór þá af stað smárúta stefnda þar sem félagsmönnum var boðið að greiða atkvæði. Formaður stefnda fylgdi rúttunni og var bæklingum dreift þar sem félagsmenn voru hvattir til að samþykkja verkfall. Atkvæðaseðlar voru afhentir og þeir svo lagðir í kjörkassa.

Í viðtali við fjölmiðla um hádegi þriðjudaginn 26. febrúar sagði framkvæmdastjóri stefnda að um fimm hundruð félagsmenn væru búnir að greiða atkvæði og skiptust þau nokkuð jafnt á milli rafrænna og atkvæða á pappír.

Verkfallsboðun var afhent stefnanda föstudaginn 1. mars. Þar kom fram að alls hafi 862 greitt atkvæði af 7.950 á atkvæðaskrá og 769 samþykkt verkfallsboðun.

Stefnandi telur boðað verkfall ólöglegt og því ekki hjá því komist að höfða mál fyrir Félagsdómi því til staðfestu.

Málsástæður og lagarök:

Stefnandi kveðst byggja málsókn sína á því að atkvæðagreiðsla stefnda um verkfall, sem ætlað er að hefjist 8. mars 2019 kl. 10:00 og taka skal til allra þrifa, hreingerninga og frágangs herbergja og annarrar gistaðstöðu þ.m.t. á göngum, salernum og í sameiginlegu rými, á öllum hótelum og gistihúsum á félagssvæði Eflingar, hafi verið í andstöðu við fyrirmáli 15. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938 og verkfallið því ólöglegt.

Í 15. gr. laga nr. 80/1938 er kveðið á um tvenns konar fyrirkomulag atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun:

- a) Atkvæðagreiðsla samkvæmt 1. mgr. 15. gr. er almenn atkvæðagreiðsla með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna skv. atkvæða- eða félagaskrá. Er þá heimilt að viðhafa póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna og gildir niðurstaða óháð þátttöku.
- b) Atkvæðagreiðsla samkvæmt 2. mgr. 15. gr. á við þegar vinnustöðvun er einungis ætlað að taka til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilgreindum vinnustað. Þá skal ákvörðun tekin með atkvæðum þeirra sem vinnustöðvun er ætlað að taka til með þátttöku a.m.k. fimmtungs atkvæðisbærra félagsmanna skv. atkvæða- eða félagaskrá.

Í atkvæðagreiðslu stefnda höfðu 7.950 félagsmenn atkvæðisrétt. Byggði stefndi það á grófri áætlun um hversu margir félagsmenn stefnda störfuðu samkvæmt kjarasamningi stefnanda og stefnda sem tekur til vinnu „á veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðarsölustöðum, í afþreyingarfyrirtækjum og hliðstæðri starfsemi“, eins og gildissvið kjarasamningsins er afmarkað í gr. 1.1. samningsins.

Ekki liggur fyrir hvernig atkvæðaskrá stefnda var útbúin en hins vegar er ágreiningslaust að verkfalli stefnda var einungis ætlað að ná til lítils hóps félagsmanna á atkvæðaskránni. Einnig er ágreiningslaust að stefndi telur sig hafa fylgt ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar, m.a. ívilnandi ákvæðum um póstatkvæðagreiðslu þar sem niðurstaða gildir óháð þátttöku.

Stefnandi telur þá framkvæmd andstæða lögum enda hvellskýrt og morgunljóst samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938 að tillaga um vinnustöðvun, sem einungis sé ætlað að ná til ákveðins hóps félagsmanna, verður einungis borin undir þá félagsmenn sem vinnustöðvun er ætlað að taka til.

Lögskýringargögn

Með setningu laga nr. 75/1996 var gerð grundvallarbreyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeildur nr. 80/1938. Vald til að ákveða vinnustöðvun var fært frá trúnaðarmannaráðum og stjórnnum samningsaðila og fært félagsmönnum. Þeir einir skyldu taka ákvörðun um vinnustöðvun í leynilegri atkvæðagreiðslu.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, sem lagt var fyrir á 120. löggjafarþingi 1995 – 1996, (lög nr. 75/1996, um breytingu á lögum nr. 80/1938) eru tekin af öll tvímæli um að atkvæðagreiðsla skv. 1. mgr. 15. gr. á ekki við þegar vinnustöðvun er einungis ætlað að ná til ákveðins hóps félagsmanna. Við þær aðstæður ber að beita reglu 2. mgr. 15. gr. laganna.

Í umfjöllun í athugasemdum um „ákvörðun um vinnustöðvun“ kemur fram að í frumvarpinu sé lagt til að ákveðnar reglur gildi um almennan vinnumarkað rétt eins og nú um opinbera starfsmenn. Svo segir:

Við útreikning fjórðungshlutfalls samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna er miðað við þá félagsmenn sem starfa hjá þeim sem verkfall beinist gegn, þ.e. fyrirtæki eða stofnun. Vegna lagasamræmis og þar sem auðveldara er að ná til afmarkaðs hluta félagsmanna eða starfsmanna tiltekins fyrirtækis þykir eðlilegt að gera sams konar kröfu þegar vinnustöðvun tekur aðeins til tiltekins hluta félagsmanna, en ekki þeirra allra, eða aðeins til tiltekins fyrirtækis. Þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meiri hluti þeirra að styðja tillögu um vinnustöðvun.

Hér kemur fram sú skýra fyrirætlan að setja strangari reglur um þátttöku í atkvæðagreiðslu ef vinnustöðvun er einungis ætlað að ná til hluta félagsmanna. Þar af leiðandi getur stefndi ekki ákvæðið að beita 1. mgr. 15. gr. um atkvæðagreiðslu sína til að forðast þær strangari reglur sem kveðið er á um í 2. mgr. 15. gr.

Í umfjöllun í athugasemdum um „póstatkvæðagreiðslu“ er reifuð sú almenna regla að heimilt sé að beita póstatkvæðagreiðslu við ákvörðun um vinnustöðvun þannig að niðurstaða hennar gildi óháð þátttöku. Sú undantekning nái „þó ekki til ákvörðunar um vinnustöðvun sem tekur aðeins til ákveðins hóps félagsmanna eða starfsmanna á tilteknum vinnustað.“

Af þessari athugasemd má ráða að það sé ekki valkostur að beita ákvæðum 1. mgr. 15. gr. um vinnustöðvanir sem einungis eiga að ná til ákveðins hóps félagsmanna.

Í umfjöllun um 4. gr. frumvarpsins er efnisregla 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins rakin:

Ef vinnustöðvun er eingöngu ætlað að taka til hluta félagsmanna eða eins fyrirtækis er skv. 2. mgr. heimilt að taka ákvörðun þar um með atkvæðagreiðslu hlutaðeigandi félagsmanna. Þá eru aðstæður orðnar fullkomlega sambærilegar við það sem gerist meðal opinberra starfsmanna og því eðlilegt að krefjast sömu þátttöku og þar í atkvæðagreiðslu og sama stuðnings — óháð tilhögun atkvæðagreiðslu.

Hér er í athugasemdum áréttað að eðlilegt sé að krefjast tiltekinnar þátttöku í atkvæðagreiðslu, þegar vinnustöðvun er einungis ætlað að taka til hluta félagsmanna, óháð tilhögun atkvæðagreiðslu. Það þýðir að aðila er óheimilt að beita ívilnandi ákvæðum 1. málsgreinar 15. greinar þegar vinnustöðvun skal einungis ná til hluta félagsmanna.

Öll umfjöllun í athugasemdum með framangreindu lagafrumvarpi er í eina átt, að færa ákvörðunarvald um vinnustöðvanir til félagsmanna og að þeir félagsmenn einir hafi atkvæðisrétt sem eiga að leggja niður störf verði vinnustöðvun samþykkt.

Samanburður við lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna

Félagsdómur hefur túlkað ákvæði laga nr. 94/1986 um kjarasamninga með skýrum hætti, sbr. m.a. dóm í máli nr. 12/2015 frá 6. apríl 2015 þar sem reyndi á staðbundin verkföll aðildarfélags BHM. Félagdómur rakti þróun verkfalla og hvernig staðbundin verkföll hefðu orðið algengari. Vísað var til frumvarps til laga um breytingu á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur frá árinu 1996 og rakinn sá tilgangur löggjafans að gera aðstæður á almennum vinnumarkaði fullkomlega sambærilegar við það sem gerist meðal opinberra starfsmanna. Í forsendum dómsins, þar sem lögmæti staðbundins verkfalls var samþykkt, segir:

„Það hlýtur því að teljast eðlilegt að þeir einir sem leggja niður störf hafi þann rétt að taka einir ákvörðun um hvort þeir fari í verkfall eða ekki en ekki að aðrir félagsmenn, sem halda áfram störfum, geti þar haft úrslitaáhrif.“

Í ljósi þess tilgangs löggjafans að samræma reglur á almennum markaði og þeim opinbera verður að telja að dómur Félagdóms í máli nr. 12/2015 hafi fullt fordæmisgildi við túlkun 15. gr. laga nr. 80/1938. Atkvæðagreiðsla stefnda um verkfall var andstæð skýrum lagaákvæðum og því ólögmæt.

Krafa um fimmtungs þátttöku

Verði það hins vegar niðurstaða Félagdóms að atkvæðagreiðsla stefnda um verkfall 8. mars geti fallið undir ákvæði 1. mgr. 15. gr. laga nr. 80/1938, byggir stefnandi á því að ekki hafi náðst sú fimmtungs þátttaka sem áskilin er og verkfallsboðun því ólögmæt.

Stefndi aflaði stórs hluta atkvæða með kjörfundum sem haldnir voru fyrir utan einstaka vinnustaði félagsmanna. Formaður og aðrir starfsmenn stefnda héldu fundi þar sem rætt var við félagsmenn og þeim afhent kynningarefni og áskorun um að greiða atkvæði með verkfallsboðun.

Atkvæðagreiðsla stefnda telst því ekki vera „almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla“ í skilningi 2. ml. 1. mgr. 15. gr. laganna. Hún fellur því undir þá meginreglu 1. mgr. 15. gr. að fimmtungur félagsmanna skv. félagaskrá þurfi að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Því marki var ekki náð og verkfallsboðun því ólögmæt.

Aðrir annmarkar á atkvæðagreiðslu stefnda

Fjöldmargir aðrir annmarkar voru á fyrirkomulagi atkvæðagreiðslu stefnda sem leitt gætu til ógildingar hennar en stefndi telur að svo stöddu ekki þörf á að láta á þá framkvæmd reyna. Stefndi áskilur sér rétt til að höfða annað mál vegna þessara annmarka, telji hann ástæðu til, eða láta reyna á skaðabótaskyldu stefnda vegna tjóns félagsmanna stefnanda.

Sekt í ríkissjóð

Stefndi krefst þess að stefnda verði gert með dómi að greiða sekt í ríkissjóð í samræmi við 70. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 65. gr. sömu laga. Um er að ræða mjög alvarlegt brot gegn skýrum fyrirmælum laga nr. 80/1938 sem þegar hefur valdið fjölda fyrirtækja tjóni. Ákvörðun stéttarfélags um ólöglega atkvæðagreiðslu um verkfallsaðgerðir með tilheyrandi tjóni er eitt alvarlegasta brot sem hugsast getur á lögum nr. 80/1938. Því eru skýrar forsendur fyrir sektargreiðslu í ríkissjóð.

Málkostnaður

Krafa stefnanda um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefndi leggja fram:

1. Stefnu þessa
2. Skrá
3. Bréf stefnda til stefnanda um boðun verkfalls, dags. 1. mars 2019
4. Tilkynningu stefnda um atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun, dags. 21. febrúar 2019
5. Upplýsingablað stefnda vegna vinnustöðvunar 8. mars, dags. 22. febrúar 2019
6. Úr kjarasamningi SA og Eflingar 2015 – 2018 vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi
7. Morgunblaðið 23. feb. 2019: Viðtal við framkvæmdastjóra stefnda
8. Tölvupóst stefnanda til stefnda 24. febrúar 2019
9. Tölvupóst formanns kjörstjórnar stefnda til stefnanda 25. febrúar 2019
10. Bækling stefnda um „húshjálparverkfall“ 8. mars
11. Tölvupóst stefnanda til stefnda o.fl. dags. 11. maí 2015
12. Af fésbókarsíðu stefnda 25. feb. 2019: Kosningarútan komin á fyrsta vinnustaðinn
13. Af midjan.is 25. feb. 2019: Allir eru ólmir að kjósa
14. Af mbl.is 25. feb. 2019: Greiða atkvæði með verkfallinu
15. Af visir.is 26. feb. 2019: Um 500 manns hafa greitt atkvæði hjá Eflingu
16. Af ruv.is 26. feb. 2019: Efling mætti andbyr við atkvæðagreiðslu
17. Af ruv.is 27. feb. 2019: Telja að um 700 hafi þegar greitt atkvæði
18. Ljósmyndir af kosningarútu stefnda

Gerður er áskilnaður af hálfu stefnanda um framlagningu frekari skjala eftir þingfestingu málsins, auk þess að leiða vitni og bera fram nýjar málsástæður allt eftir því sem tilefni gefst til.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist Drífu Snædal, kt. 050673-4139, Bræðraborgarstíg 9, Reykjavík, forseta Alþýðusambands Íslands til að mæta á dómþingi Félagsdóms er háð verður í þingsal 401 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 1. mars 2019 kl. _____ þegar mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Að öðrum kosti mega stefndu búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefndi hefur fallið frá stefnufresti.

Reykjavík, 1. mars 2019

fyrir hönd Félagsdóms

Mér nægjanlega birt f.h. stefnda sem falið hefur mér að sækja þing við þingfestingu málsins og halda uppi vörnum fyrir sína hönd. Fallið er frá stefnufresti.

Karl Ó. Karlsson, lögmaður